



**Tegund eignar :** Einbýlishús

**Bæjarfélag / Hverfi :** Ciudad Quesada

**!zona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 3

**Baðherbergi :** 3

**Byggingarár :** 2026

**Sundlaug :** Einka

**Garður :** Já

**Eignin snýr :** til suðurs

**Útsýni :** Ósnortin náttúra

**Bílastæði :** Einkabílastæði á lóð

**Fermetra stærð eignar :** 123 m<sup>2</sup>

**Stærð lóðar :** 258 m<sup>2</sup>

**Stærð verandar :** 30 m<sup>2</sup>

**Stærð þaksvala :** 31 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :** 36

**Strönd :** 15

**Borg :** 3

**Golf :** 6

✓ Hiti í gólf

✓ Heimilistæki

✓ Verönd

✓ Húsgögn fylgja með

✓ Þaksvalir

✓ Loftkæling

Glæsilegt einbýlishús í frábæra bænum Ciudad Quesada. Húsið er á tveimur hæðum með 3 rúmgóðum svefnherbergjum, 3 baðherbergjum með hita í gólf, fullinnréttuðu eldhúsi með gæða heimilistækjum og með eigninni fylgir einnig sundlaug og sér bílastæði inni á lóð.

Kaupendum gefst kostur að bæta við kjallara gegn vægu gjaldi.

Eignin verður afhent í Maí 2026

Ciudad Quesada er afar skemmtilegur og líflegur bær á Costa Blanca ströndinni sem hefur upp á allt að bjóða allan ársins hring, mikið úrval veitingastaða, verslana og allskyns afþreyingu fyrir allan aldurshóp s.s GoKart, vatnsleikjagarð, mini golf, keiluhöll og fleira og fleira, svo er örstutt á glæsilega golfvöllinn La Marquesa, 18 holu golfvöll með allt til alls fyrir golfspílarann. Fyrir náttúruunnendur eru fjölmargar náttúruperlur allt í kring um bæinn og má þar meðal annars nefna Saltvötnin í Torrevieja og náttúruverndarsvæðið El Recorral þar sem vinsælt er að fara í lautarferð og fylgjast með iðandi fuglalífínu eða skella sér í göngutúr á þeim ótal gönguleiðum á svæðinu.

Innan við 10 mín akstur er svo að finna hina 11 kílómetra löngu gullnu strandlengju við Guardamar del Segura sem fengið hefur vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans, auk þess sem Torrevieja er stutt frá. Svo er einnig stutt í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og La Zenia og aðeins 35 mínútur frá flugvöllum í Alicante.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!

[info@perlainvest.com](mailto:info@perlainvest.com)

[www.perlainvest.com](http://www.perlainvest.com)

(0034) 96 676 5972

